

Minnisblað

Efni: Afstaða Fuglaverndar til veiða á svartfuglum

Dagsetning: 2. maí, 2025

Minnisblað þetta er tekið saman til að skýra afstöðu Fuglaverndarfélags Íslands, einnig kallað Fuglavernd, vegna nytjaveiða á fuglum af ætt svartfugla, þ.e. álku, langvíu, stuttnefju, lunda og teistu. Fyrst er greint frá afstöðu félagsins til nytjaveiða á villtum fuglum almennt en svo eru svartfuglar skoðaðir sérstaklega.

Almenn afstaða Fuglaverndar til nytjaveiða á villtum fuglum

Fuglavernd telur að í þeim tilfellum sem leyfa á nytjaveiðar á fuglum, og þar með aflétta friðun, verði eftirfarandi atriði skilyrðislaust að vera uppfyllt:

- Þar sem allir fuglar (og egg þeirra) eru að grunni til friðaðir samkvæmt lögum, verða veiðar að byggja á rökstuddum undanþágum og tryggt að bráðin sé nýtt með fullnægjandi hætti.
- Veiðar verða að vera sjálfbærar og veiðipól hafið yfir vafa. Þar af leiðandi ætti aldrei að leyfa veiðar á fuglategundum sem flokkast í hættuflokkum á íslenskum válista fugla (þ.e. flokkast sem CR (tegund í bráðri hættu), EN (tegund í hættu) eða VU (tegund í nokkurri hættu)). Einnig verður að gefa tegundum sem flokkast í yfirvofandi hættu (NT) sérstakan gaum.
- Ekki skal veiða fugla á varptíma og ekki heldur er þeir snúa til baka frá vetrarheimkynnum (tímabilið milli komu og varps).
- Ekki skal veiða fugla þegar þeir eru ófleygir.
- Ekki skal fjölga veiðitegundum frá því sem nú er.
- Veiðar skulu stundaðar til eigin nota en ekki í atvinnuskyni og ekki skal versla með veidda fugla og afurðir þeirra nema í afmörkuðum undantekningartilfellum.
- Góð stjórnþæki þurfa að vera fyrir hendi til að stýra veiðunum. Ef vafi er á því hvort veiðar séu sjálfbærar (t.d. ef stofn fer stöðugt hnignandi) gildir varúðarreglan, þ.a. skortur á upplýsingum réttlætir ekki veiðar. Mikilvægt er að beita vistkerfisnálgun í stjórnun veiðitegunda og tryggja að veiðar á nytjategund hafi ekki neikvæð áhrif á aðrar fuglategundir, sérstaklega ef þær tegundir eru metnar í hættu (CR, EN eða VU).
- Veiðar skulu valda sem minnstri truflun og ávallt skal aflífa bráð á sem skjótaskan og sársaukaminntan hátt. Þá skulu veiðimenn gera allt sem í þeirra valdi stendur til að finna og aflífa skotsærða fugla.
- Af umhverfisástæðum skal ekki nota blýskot til fuglaveiða.

Þess skal getið að þessi almenna afstaða Fuglaverndar til nytjaveiða á fuglum byggir á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands m.t.t. þeirra samninga á sviði náttúruverndar sem Ísland hefur þegar fullgilt. Einnig er litið til meginreglna um fuglaveiði sem nefnd umhverfisráðherra um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra setti fram árið 2013.¹

Afstaða Fuglaverndar vegna veiða á svartfuglum

Í dag eru skotveiðar leyfðar á álku, langvíu, stuttnefju og lunda frá 1. september til og með 25. apríl. Háfaveiðar eru leyfðar á sömu tegundum frá 1. júlí til og með 15. ágúst. Teista var friðuð fyrir veiðum árið 2017 vegna fækkunar.

Ef litið er til stöðu svartfugla á íslenskum válista sést að stuttnefja, lundi og teista flokkast í hættuflokkum og langvíu telst vera í yfirvofandi hættu. Einungis álka virðist vera tegund sem ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af í dag en hún var þó í yfirvofandi hættu fyrir fáeinum árum (Tafla 1).

Tafla 1. Staða svartfugla á válistum, skv. vef Náttúrufræðistofnunar.² Hættuflokkar eru merktir með rauðum lit. Því dekkri sem liturinn er, því verri er staðan.

Tegund	Válisti 2025	Válisti 2018	Válisti 2000	Evrópuválisti	Heimsválisti
Álka	LC	NT	LC	LC	LC
Langvíu	NT	VU	LC	LC	LC
Stuttnefja	VU	EN	VU	LC	LC
Lundi	CR	CR	LC	EN	VU
Teista	VU	EN	LC	LC	LC

Með hliðsjón af almennri afstöðu Fuglaverndar til nytjaveiða á fuglum telur Fuglavernd að **tví mælalaust ætti þegar í stað að hætta veiðum á stuttnefju og lunda, og veiðibann á teistu ætti áfram að gilda.** Æskilegt væri að hætta einnig veiðum á langvíu í anda varúðarreglunnar (en stutt er síðan tegundin var í nokkurri hættu) og til að minnka hættuna á að veiddar séu stuttnefjur í misgripum fyrir langvíur.

¹ Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir, & Sigmar B. Hauksson. (2013). Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls. ásamt viðaukum. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf/skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf>

² <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

Varðandi veiðitíma svartfugla er ljóst miðað við rannsóknir að gildandi veiðitími nær inn á það tímabil sem fuglar snúa til baka frá vetrarheimkynnum og undirbúa varp – og jafnvel inn á sjálfan varptímann.³

Eigi að leyfa veiðar á svartfuglum áfram, þrátt fyrir að veiðar á flestum tegundunum séu ósjálfbærar miðað við válistastöðu þeirra og því í andstöðu við 7. gr. gildandi laga⁴ og alþjóðasamninga sem Ísland hefur fullgilt,⁵ telur Fuglavernd nauðsynlegt að stytta veiðitíma svartfugla til muna. Félagið tekur því heils hugar undir tillögu frá Náttúrustofu Austurlands og Náttúrustofu Norðausturlands, sem studd er vísindalegum gögnum, um að **veiðitíma svartfugla ljúki í síðasta lagi 15. janúar.**³

Þá verður hið snarasta að setja **sölubann** á svartfugla og egg þeirra en ótækt er að hægt sé að stunda sölu á afurðum tegunda á válista.

F.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

³ Hálf dán Helgi Helgason, Yann Kolbeinsson, & Þorkell Lindberg Þórarinsson. (2025). Veiðitími svartfugla við Ísland og tillaga að styttingu - Minnisblað til Náttúruverndarstofnunar. 24.1.2025.

⁴ Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994). Í 7. gr. Kemur fram að “Ákvörðun um að aflétta friðun samkvæmt lögum þessum skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða”.

⁵ Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir, & Sigmar B. Hauksson. (2013). Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls. ásamt viðaukum. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf/skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf>